

## AUGLÝSING

### (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Strandabyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Strandabyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50 þorskígildistonnnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50 þorskígildistonnnum skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, enda uppfylli þeir skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. Bátar/skip eiga rétt á úthlutun úr báðum úthlutunarpottum.
- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað... o.s.frv.

#### **Stykkishólmsbær.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólms með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Rétt til byggðakvóta hafa bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2008 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2008.

#### **Tálknafjarðarhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.

#### **Árneshreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Árneshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Byggðakvóta Árneshrepps, 15 þorskígildistonnnum, skal skipta jafnt á milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.
- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað... o.s.frv.

#### **Grýtubakkahreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Grýtubakkahrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Byggðakvóta Grenivíkur, 45 þorskígildistonnnum, skal skipta jafnt á milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.

#### **Dalvíkurbyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Dalvíkurbyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) b-liður 1. gr. reglugerðar nr. 557/2009 fellur niður.

- b) c-liður 1. gr. reglugerðar nr. 557/2009 breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júní 2009... o.s.frv.
- c) Upphaf 6. gr. reglugerðar nr. 557/2009 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan **sveitarfélagsins** afla sem nemur,... o.s.frv.

**Fjallabyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Fjallabyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 557/2009 breytist hvað byggðakvóta Siglufjarðar varðar og verður: Við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 50 þorskígildislestir.
- b) Byggðakvóta Ólafsfjarðar verður úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 557/2009.

**Sveitarfélagið Skagaströnd.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Skagastrandar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) b-liður 1. gr. reglugerðar nr. 557/2009 fellur niður.
- b) 20 þorskígildistonnum verður úthlutað jafnt til fiskiskipa sem uppfylla ákvæði reglnanna og áttu hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2008.
- c) 80 þorskígildistonnum verður skipt samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar til fiskiskipa sem uppfylla ákvæði reglnanna.
- d) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- e) Fiskiskip eiga rétt á úthlutun úr báðum liðum b og c.
- f) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 2009.*

F. h. r.

**Hinrik Greipsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Freyr Helgason.*